# REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/192

**2021/EES/7/28**

**frá 12. febrúar 2020**

**um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir próklóras í eða á tilteknum afurðum** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 49. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í II. viðauka og B-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir próklóras.

2) Að því er varðar þetta virka efni lagði Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 ([2]). Matvælaöryggisstofnunin lagði til að skilgreiningu á leifum yrði breytt í summu próklórass, BTS 44595 (M201-04) og BTS 44596 (M201-03), gefið upp sem próklóras. Matvælaöryggisstofnunin greindi frá áhættu fyrir neytendur varðandi hámarksgildi leifa fyrir sítrusávexti, kíví, banana, mangó, ananas og lifur úr nautgripum. Því er rétt að lækka þessi hámarksgildi leifa í magngreiningarmörk eða gildið sem Matvælaöryggisstofnunin tilgreindi. Matvælaöryggisstofnunin mælti með því að lækka hámarksgildi leifa fyrir hvítlauk, skalottlauka, salat og salatplöntur, súpugull, kryddjurtir og æt blóm, ertur, hörfræ, sólblómafræ, repjufræ, bygg, hafra, hrísgrjón, rúg, hveiti, kaffibaunir, jurtate úr blómum, blöðum og kryddjurtum og fyrir rætur, krydd, syrkurrófurætur, nautgripi (fitu, nýru), fitu úr hestum og alifuglalifur. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildin sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að tilteknar upplýsingar vantaði um CXL-hámarksgildi fyrir gullapelsínur, litkaber, píslaraldin, kaktusfíkjur, stjörnuepli, persímónur, lárperur, papæjualdin, granatepli, morgunberkjur, gvövur, brauðaldin, dáraaldin og nónberkjur í tengslum við nýju skilgreininguna á leifum og að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi CXL-hámarksgildi. Þessi hámarksgildi verða endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar.

3) Að því er varðar afurðir þar sem notkun viðkomandi plöntuverndarvara er ekki heimiluð og þar sem ekki liggja fyrir innflutningsvikmörk eða CXL-hámarksgildi ætti að fastsetja hámarksgildi leifa við sérstök magngreiningarmörk eða við staðlað hámarksgildi leifa eins og kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

4) Framkvæmdastjórnin hafði samráð við tilvísunarrannsóknarstofur Evrópusambandsins fyrir varnarefnaleifar varðandi nauðsyn þess að aðlaga tiltekin magngreiningarmörk. Niðurstöður þessara rannsóknarstofa að því er varðar nokkur efni voru þær að tækniþróun krefjist þess að fastsett séu sérstök magngreiningarmörk fyrir tilteknar vörur.

5) Á grundvelli rökstuddra álita Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þeirra þátta sem skipta máli í þessu tilliti uppfylla viðeigandi breytingar á hámarksgildum leifa kröfurnar í 2. mgr. 14 gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

6) Samráð hefur verið haft við viðskiptaaðila Sambandsins, fyrir milligöngu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, um ný hámarksgildi leifa og tillit hefur verið tekið til athugasemda þeirra.

---

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 40, 13.2.2020, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 187/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

([2]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Review of the existing maximum residue levels for prochloraz according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(8), 5401.

7) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.

8) Til að koma megi við eðlilegri markaðssetningu, vinnslu og neyslu afurða ætti í þessari reglugerð að kveða á um umbreytingarfyrirkomulag vegna afurða sem hafa verið framleiddar áður en hámarksgildum leifa var breytt og þar sem upplýsingar sýna að öflugri neytendavernd sé viðhaldið.

9) Áður en breytt hámarksgildi leifa taka gildi ætti að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin, þriðju lönd og stjórnendur matvælafyrirtækja geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem fylgja þessum breytingum á hámarksgildum leifa.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Að því er varðar virka efnið próklóras í og á öllum afurðum, að undanskildum sítrusávöxtum, kíví, banönum, mangóum, ananas og lifur úr nautgripum, gildir reglugerð (EB) nr. 396/2005, eins og sú reglugerð var áður en henni var breytt með þessari reglugerð, áfram um afurðir sem voru framleiddar í Sambandinu eða fluttar inn í Sambandið fyrir 4. september 2020.

*3. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 4. september 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. febrúar 2020.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*VIÐAUKI*

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt sem hér segir:

1) Í stað dálksins fyrir próklóras í II. viðauka kemur eftirfarandi:

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um (a) | Próklóras (summa próklórass, BTS 44595 (M201-04) og BTS 44596 (M201-03), gefið upp sem próklóras) (F) |
|---|---|---|
| 0100000 | **NÝ EÐA FRYST ALDIN, TRJÁHNETUR** | |
| 0110000 | **Sítrusávextir** | **0,03*** |
| 0110010 | Greipaldin | |
| 0110020 | Appelsínur | |
| 0110030 | Sítrónur | |
| 0110040 | Súraldin | |
| 0110050 | Mandarínur | |
| 0110990 | Annað (2) | |
| 0120000 | **Trjáhnetur** | **0,03*** |
| 0120010 | Möndlur | |
| 0120020 | Parahnetur | |
| 0120030 | Kasúhnetur | |
| 0120040 | Kastaníuhnetur | |
| 0120050 | Kókoshnetur | |
| 0120060 | Heslihnetur | |
| 0120070 | Goðahnetur | |
| 0120080 | Pekanhnetur | |
| 0120090 | Furuhnetukjarnar | |
| 0120100 | Pistasíuhnetur | |
| 0120110 | Valhnetur | |
| 0120990 | Annað (2) | |
| 0130000 | **Kjarnaávextir** | **0,03*** |
| 0130010 | Epli | |
| 0130020 | Perur | |
| 0130030 | Kveði | |
| 0130040 | Trjámispilsaldin | |
| 0130050 | Dúnepli/japansplómur | |
| 0130990 | Annað (2) | |
| 0140000 | **Steinaldin** | **0,03*** |
| 0140010 | Apríkósur | |
| 0140020 | Kirsuber (sæt) | |
| 0140030 | Ferskjur | |
| 0140040 | Plómur | |
| 0140990 | Annað (2) | |

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um (a) | Próklóras (summa próklórass, BTS 44595 (M201-04) og BTS 44596 (M201-03), gefið upp sem próklóras) (F) |
|---|---|---|
| 0150000 | **Ber og smá aldin** | **0,03*** |
| 0151000 | **a) Þrúgur** | |
| 0151010 | Vínber til neyslu | |
| 0151020 | Vínþrúgur | |
| 0152000 | **b) Jarðarber** | |
| 0153000 | **c) Klungurber** | |
| 0153010 | Brómber | |
| 0153020 | Daggarber | |
| 0153030 | Hindber (rauð og gul) | |
| 0153990 | Annað (2) | |
| 0154000 | **d) Önnur smá aldin og ber** | |
| 0154010 | Bláber | |
| 0154020 | Trönuber | |
| 0154030 | Rifsber (rauð og hvít) og sólber | |
| 0154040 | Stikilsber (græn, rauð og gul) | |
| 0154050 | Rósaldin | |
| 0154060 | Mórber (svört og hvít) | |
| 0154070 | Eplaþyrniber/Miðjarðarhafstrjámispilsaldin | |
| 0154080 | Ylliber | |
| 0154990 | Annað (2) | |
| 0160000 | **Ýmis aldin með** | |
| 0161000 | **a) Ætu hýði** | |
| 0161010 | Döðlur | **0,03*** |
| 0161020 | Fíkjur | **0,03*** |
| 0161030 | Ólífur til átu | **0,03*** |
| 0161040 | Gullappelsínur | **10 (+)** |
| 0161050 | Stjörnualdin | **0,03*** |
| 0161060 | Gallaldin | **0,03*** |
| 0161070 | Jövuplómur | **0,03*** |
| 0161990 | Annað (2) | **0,03*** |
| 0162000 | **b) Óætu hýði, lítil** | |
| 0162010 | Kíví (græn, rauð, gul) | **0,03*** |
| 0162020 | Litkaber | **7 (+)** |
| 0162030 | Píslaraldin | **7 (+)** |
| 0162040 | Kaktusfíkjur | **7 (+)** |
| 0162050 | Stjörnuepli | **7 (+)** |
| 0162060 | Persimónur/Virginíu-kakí | **7 (+)** |

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um (a) | Próklóras (summa próklórass, BTS 44595 (M201-04) og BTS 44596 (M201-03), gefið upp sem próklóras) (F) |
|---|---|---|
| 0162990 | Annað (2) | **0,03*** |
| 0163000 | **c) Óætu hýði, stór** | |
| 0163010 | Lárperur | **7 (+)** |
| 0163020 | Bananar | **0,03*** |
| 0163030 | Mangó | **0,03*** |
| 0163040 | Papæjualdin | **7 (+)** |
| 0163050 | Granatepli | **7 (+)** |
| 0163060 | Morgunberkjur | **7 (+)** |
| 0163070 | Gvövur | **7 (+)** |
| 0163080 | Ananas | **0,03*** |
| 0163090 | Brauðaldin | **7 (+)** |
| 0163100 | Dáraaldin | **7 (+)** |
| 0163110 | Nónberkjur | **7 (+)** |
| 0163990 | Annað (2) | **0,03*** |
| 0200000 | **NÝTT eða FRYST GRÆNMETI** | |
| 0210000 | **Rótar- og hnýðisgrænmeti** | **0,03*** |
| 0211000 | **a) Kartöflur** | |
| 0212000 | **b) Hitabeltisrótar- og hnýðisgrænmeti** | |
| 0212010 | Kassavarætur | |
| 0212020 | Sætar kartöflur | |
| 0212030 | Mjölrótarhnýði | |
| 0212040 | Örvarrætur | |
| 0212990 | Annað (2) | |
| 0213000 | **c) Annað rótar- og hnýðisgrænmeti, að sykurrófum undanskildum** | |
| 0213010 | Rauðrófur | |
| 0213020 | Gulrætur | |
| 0213030 | Hnúðsillur/hnúðsellerí | |
| 0213040 | Piparrót | |
| 0213050 | Ætihnúðar | |
| 0213060 | Nípur | |
| 0213070 | Steinseljurætur | |
| 0213080 | Hreðkur | |
| 0213090 | Hafursrætur | |
| 0213100 | Gulrófur | |
| 0213110 | Næpur | |
| 0213990 | Annað (2) | |

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um (a) | Próklóras (summa próklórass, BTS 44595 (M201-04) og BTS 44596 (M201-03), gefið upp sem próklóras) (F) |
|---|---|---|
| 0220000 | **Laukar** | **0,03*** |
| 0220010 | Hvítlaukur | |
| 0220020 | Laukar | |
| 0220030 | Skalottlaukar | |
| 0220040 | Vorlaukar og pípulaukar | |
| 0220990 | Annað (2) | |
| 0230000 | **Aldingrænmeti** | **0,03*** |
| 0231000 | **a) Náttskuggaætt og stokkrósaætt** | |
| 0231010 | Tómatar | |
| 0231020 | Paprikur | |
| 0231030 | Eggaldin | |
| 0231040 | Okrur | |
| 0231990 | Annað (2) | |
| 0232000 | **b) Aldin plantna af graskersætt með ætu hýði** | |
| 0232010 | Gúrkur | |
| 0232020 | Smágúrkur | |
| 0232030 | Dvergbítar | |
| 0232990 | Annað (2) | |
| 0233000 | **c) Aldin plantna af graskersætt með óætu hýði** | |
| 0233010 | Melónur | |
| 0233020 | Risagrasker | |
| 0233030 | Vatnsmelónur | |
| 0233990 | Annað (2) | |
| 0234000 | **d) Sykurmaís** | |
| 0239000 | **e) Annað aldingrænmeti** | |
| 0240000 | **Kál (að undanskildum rótum og nýblöðum af plöntum af ættkvíslinni *Brassica*)** | **0,03*** |
| 0241000 | **a) Blómstrandi kál** | |
| 0241010 | Spergilkál | |
| 0241020 | Blómkál | |
| 0241990 | Annað (2) | |
| 0242000 | **b) Kálhöfuð** | |
| 0242010 | Rósakál | |
| 0242020 | Höfuðkál | |
| 0242990 | Annað (2) | |

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um (a) | Próklóras (summa próklórass, BTS 44595 (M201-04) og BTS 44596 (M201-03), gefið upp sem próklóras) (F) |
|---|---|---|
| 0243000 | **c) Blaðkál** | |
| 0243010 | Kínakál | |
| 0243020 | Grænkál | |
| 0243990 | Annað (2) | |
| 0244000 | **d) Hnúðkál** | |
| 0250000 | **Blaðgrænmeti, kryddjurtir og æt blóm** | |
| 0251000 | **a) Salat og salatplöntur** | **0,03*** |
| 0251010 | Vorsalat/strábrúða | |
| 0251020 | Salat | |
| 0251030 | Breiðblaða salatfíflar | |
| 0251040 | Karsi og aðrar spírur og sprotar | |
| 0251050 | Vetrarkarsi | |
| 0251060 | Klettasalat | |
| 0251070 | Sinnepskál | |
| 0251080 | Nýblöð af plöntum (þ.m.t. tegundum af ættkvíslinni *Brassica*) | |
| 0251990 | Annað (2) | |
| 0252000 | **b) Spínat og áþekk blöð** | **0,03*** |
| 0252010 | Spínat | |
| 0252020 | Súpugull | |
| 0252030 | Blaðbeðjur | |
| 0252990 | Annað (2) | |
| 0253000 | **c) Vínviðarlauf og áþekkar tegundir** | **0,03*** |
| 0254000 | **d) Brunnperla** | **0,03*** |
| 0255000 | **e) Jólasalat/salatfíflar** | **0,03*** |
| 0256000 | **f) Kryddjurtir og æt blóm** | **0,06*** |
| 0256010 | Kerfill | |
| 0256020 | Graslaukur | |
| 0256030 | Blöð af selleríi | |
| 0256040 | Steinselja | |
| 0256050 | Salvía | |
| 0256060 | Rósmarín | |
| 0256070 | Garðablóðberg | |
| 0256080 | Basilíka og æt blóm | |
| 0256090 | Lárviðarlauf | |
| 0256100 | Fáfnisgras | |
| 0256990 | Annað (2) | |

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um (a) | Próklóras (summa próklórass, BTS 44595 (M201-04) og BTS 44596 (M201-03), gefið upp sem próklóras) (F) |
|---|---|---|
| 0260000 | **Belgávextir** | **0,03*** |
| 0260010 | Baunir (með fræbelg) | |
| 0260020 | Baunir (án fræbelgs) | |
| 0260030 | Ertur (með fræbelg) | |
| 0260040 | Ertur (án fræbelgs) | |
| 0260050 | Linsubaunir | |
| 0260990 | Annað (2) | |
| 0270000 | **Stöngulgrænmeti** | **0,03*** |
| 0270010 | Sperglar | |
| 0270020 | Salatþistlar | |
| 0270030 | Sellerí | |
| 0270040 | Hnúðfenníkur | |
| 0270050 | Ætiþistlar | |
| 0270060 | Blaðlaukar | |
| 0270070 | Rabarbarar | |
| 0270080 | Bambussprotar | |
| 0270090 | Pálmakjarnar | |
| 0270990 | Annað (2) | |
| 0280000 | **Sveppir, mosar og fléttur** | |
| 0280010 | Ræktaðir sveppir | 3 |
| 0280020 | Villtir sveppir | **0,03*** |
| 0280990 | Mosar og fléttur | **0,03*** |
| 0290000 | **Þörungar og dreifkjörnungslífverur** | **0,03*** |
| 0300000 | **BELGÁVEXTIR** | **0,03*** |
| 0300010 | Baunir | |
| 0300020 | Linsubaunir | |
| 0300030 | Ertur | |
| 0300040 | Lúpínur/lúpínubaunir | |
| 0300990 | Annað (2) | |
| 0400000 | **OLÍUFRÆ OG OLÍURÍK ALDIN** | |
| 0401000 | **Olíufræ** | |
| 0401010 | Hörfræ | **0,3** |
| 0401020 | Jarðhnetur | **0,03*** |
| 0401030 | Valmúafræ | **0,3** |
| 0401040 | Sesamfræ | **0,03*** |
| 0401050 | Sólblómafræ | **0,3** |
| 0401060 | Repjufræ | **0,3** |

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um (a) | Próklóras (summa próklórass, BTS 44595 (M201-04) og BTS 44596 (M201-03), gefið upp sem próklóras) (F) |
|---|---|---|
| 0401070 | Sojabaunir | **0,03*** |
| 0401080 | Mustarðsfræ | **0,03*** |
| 0401090 | Baðmullarfræ | **0,03*** |
| 0401100 | Risagraskersfræ | **0,03*** |
| 0401110 | Litunarþistilsfræ | **0,03*** |
| 0401120 | Hjólkrónufræ | **0,03*** |
| 0401130 | Akurdoðrufræ | **0,03*** |
| 0401140 | Hampfræ | **0,03*** |
| 0401150 | Kristpálmafræ | **0,03*** |
| 0401990 | Annað (2) | **0,03*** |
| 0402000 | **Olíurík aldin** | **0,03*** |
| 0402010 | Ólífur til olíuframleiðslu | |
| 0402020 | Olíupálmakjarnar | |
| 0402030 | Olíupálmaaldin | |
| 0402040 | Dúnviðaraldin | |
| 0402990 | Annað (2) | |
| 0500000 | **KORNTEGUNDIR** | |
| 0500010 | Bygg | **0,03*** |
| 0500020 | Bókhveiti og aðrar sýndarkorntegundir | **0,03*** |
| 0500030 | Maís | **0,03*** |
| 0500040 | Hirsi | **0,03*** |
| 0500050 | Hafrar | **0,03*** |
| 0500060 | Hrísgrjón | **0,03*** |
| 0500070 | Rúgur | **0,2** |
| 0500080 | Dúrra | **0,03*** |
| 0500090 | Hveiti | **0,2** |
| 0500990 | Annað (2) | **0,03*** |
| 0600000 | **TE, KAFFI, JURTATE, KAKÓ OG JÓHANNESARBRAUÐ** | **0,15*** |
| 0610000 | **Te** | |
| 0620000 | **Kaffibaunir** | |
| 0630000 | **Jurtate úr** | |
| 0631000 | **a) Blómum** | |
| 0631010 | Gæsajurt | |
| 0631020 | Læknakólfur | |
| 0631030 | Rósir | |
| 0631040 | Jasmína | |
| 0631050 | Lindiblóm | |

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um (a) | Próklóras (summa próklórass, BTS 44595 (M201-04) og BTS 44596 (M201-03), gefið upp sem próklóras) (F) |
|---|---|---|
| 0631990 | Annað (2) | |
| 0632000 | **b) Blöðum og kryddjurtum** | |
| 0632010 | Jarðarber | |
| 0632020 | Rauðrunnalauf | |
| 0632030 | Indíánaþyrnislauf | |
| 0632990 | Annað (2) | |
| 0633000 | **c) Rótum** | |
| 0633010 | Garðabrúða | |
| 0633020 | Ginseng | |
| 0633990 | Annað (2) | |
| 0639000 | **d) Öðrum plöntuhlutum** | |
| 0640000 | **Kakóbaunir** | |
| 0650000 | **Jóhannesarbrauð** | |
| 0700000 | **HUMLAR** | **0,15*** |
| 0800000 | **KRYDD** | |
| 0810000 | **Krydd úr fræjum** | **0,15*** |
| 0810010 | Anís/anísfræ | |
| 0810020 | Ilmfrú | |
| 0810030 | Sellerí | |
| 0810040 | Kóríander | |
| 0810050 | Kúmín | |
| 0810060 | Dill | |
| 0810070 | Fenníkur | |
| 0810080 | Grikkjasmári | |
| 0810090 | Múskat | |
| 0810990 | Annað (2) | |
| 0820000 | **Aldinkrydd** | **0,15*** |
| 0820010 | Allrahanda | |
| 0820020 | Kínapipar | |
| 0820030 | Kúmen | |
| 0820040 | Kardimommur | |
| 0820050 | Einiber | |
| 0820060 | Pipar (svartur, grænn og hvítur) | |
| 0820070 | Vanilla | |
| 0820080 | Tamarind | |
| 0820990 | Annað (2) | |

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um (a) | Próklóras (summa próklórass, BTS 44595 (M201-04) og BTS 44596 (M201-03), gefið upp sem próklóras) (F) |
|---|---|---|
| 0830000 | **Barkarkrydd** | **0,15*** |
| 0830010 | Kanill | |
| 0830990 | Annað (2) | |
| 0840000 | **Krydd úr rótum og jarðstönglum** | |
| 0840010 | Lakkrís | **0,15*** |
| 0840020 | Engifer (10) | **0,15*** |
| 0840030 | Túrmerik/gullinrót | **0,15*** |
| 0840040 | Piparrót (11) | |
| 0840990 | Annað (2) | **0,15*** |
| 0850000 | **Blómhnappakrydd** | **0,15*** |
| 0850010 | Negull | |
| 0850020 | Kapers | |
| 0850990 | Annað (2) | |
| 0860000 | **Frævukrydd** | **0,15*** |
| 0860010 | Saffran | |
| 0860990 | Annað (2) | |
| 0870000 | **Frækápukrydd** | **0,15*** |
| 0870010 | Múskatblóm | |
| 0870990 | Annað (2) | |
| 0900000 | **SYKURPLÖNTUR** | **0,03*** |
| 0900010 | Sykurrófurætur | |
| 0900020 | Sykurreyr | |
| 0900030 | Kaffifífilsrætur | |
| 0900990 | Annað (2) | |
| 1000000 | **AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU – LANDDÝR** | |
| 1010000 | **Vörur úr** | |
| 1011000 | **a) Svínum** | |
| 1011010 | Vöðvi | **0,03*** |
| 1011020 | Fita | **0,03*** |
| 1011030 | Lifur | **0,3 (+)** |
| 1011040 | Nýru | **0,05 (+)** |
| 1011050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | **0,03*** |
| 1011990 | Annað (2) | **0,03*** |
| 1012000 | **b) Nautgripum** | |
| 1012010 | Vöðvi | **0,03*** |
| 1012020 | Fita | **0,07 (+)** |
| 1012030 | Lifur | **1 (+)** |

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um (a) | Próklóras (summa próklórass, BTS 44595 (M201-04) og BTS 44596 (M201-03), gefið upp sem próklóras) (F) |
|---|---|---|
| 1012040 | Nýru | **0,2 (+)** |
| 1012050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | **0,03*** |
| 1012990 | Annað (2) | **0,03*** |
| 1013000 | **c) Sauðfé** | |
| 1013010 | Vöðvi | **0,03*** |
| 1013020 | Fita | **0,15 (+)** |
| 1013030 | Lifur | **3 (+)** |
| 1013040 | Nýru | **0,5 (+)** |
| 1013050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | **0,03*** |
| 1013990 | Annað (2) | **0,03*** |
| 1014000 | **d) Geitum** | |
| 1014010 | Vöðvi | **0,03*** |
| 1014020 | Fita | **0,15 (+)** |
| 1014030 | Lifur | **3 (+)** |
| 1014040 | Nýru | **0,5 (+)** |
| 1014050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | **0,03*** |
| 1014990 | Annað (2) | **0,03*** |
| 1015000 | **e) Hestum** | |
| 1015010 | Vöðvi | **0,03*** |
| 1015020 | Fita | **0,07 (+)** |
| 1015030 | Lifur | **1 (+)** |
| 1015040 | Nýru | **0,2 (+)** |
| 1015050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | **0,03*** |
| 1015990 | Annað (2) | **0,03*** |
| 1016000 | **f) Alifuglum** | |
| 1016010 | Vöðvi | **0,03* (+)** |
| 1016020 | Fita | **0,03* (+)** |
| 1016030 | Lifur | **0,04 (+)** |
| 1016040 | Nýru | **0,03* (+)** |
| 1016050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | **0,03* (+)** |
| 1016990 | Annað (2) | **0,03* (+)** |
| 1017000 | **g) Öðrum öldum landdýrum** | **0,03*** |
| 1017010 | Vöðvi | |
| 1017020 | Fita | |
| 1017030 | Lifur | |
| 1017040 | Nýru | |
| 1017050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | |

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um (a) | Próklóras (summa próklórass, BTS 44595 (M201-04) og BTS 44596 (M201-03), gefið upp sem próklóras) (F) |
|---|---|---|
| 1017990 | Annað (2) | |
| 1020000 | **Mjólk** | **0,03*** |
| 1020010 | Nautgripir | |
| 1020020 | Sauðfé | |
| 1020030 | Geitur | |
| 1020040 | Hestar | |
| 1020990 | Annað (2) | |
| 1030000 | **Fuglsegg** | **0,1** |
| 1030010 | Hænsni | **(+)** |
| 1030020 | Endur | **(+)** |
| 1030030 | Gæsir | **(+)** |
| 1030040 | Kornhænur | **(+)** |
| 1030990 | Annað (2) | |
| 1040000 | **Hunang og aðrar býræktarafurðir (7)** | **0,15*** |
| 1050000 | **Froskdýr og skriðdýr** | **0,03*** |
| 1060000 | **Landhryggleysingjar** | **0,03*** |
| 1070000 | **Villt landhryggdýr** | **0,03*** |
| 1100000 | **AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU - FISKUR, FISKAFURÐIR OG ÖLL ÖNNUR MATVÆLI ÚR SJÓ OG FERSKVATNI (8)** | |
| 1200000 | **AFURÐIR EÐA HLUTAR AFURÐA, EINGÖNGU ÆTLAÐAR Í FÓÐURFRAMLEIÐSLU (8)** | |
| 1300000 | **UNNIN MATVÆLI (9)** | |

(*) Greiningarmörk

(a) Fyrir fullgerða skrá yfir afurðir úr plöntu- og dýraríkinu sem hámarksgildi leifa eiga við um skal vísa í I. viðauka.

(F) = Fituleysanlegt

**Próklóras (summa próklórass, BTS 44595 (M201-04) og BTS 44596 (M201-03), gefið upp sem próklóras) (F)**

(+) Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tilteknar upplýsingar vantaði um prófanir á leifum í tengslum við nýju skilgreininguna á leifum. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram [skrifstofa útgáfustarfsemi: færa skal inn dagsetningu tveimur árum eftir útgáfu] eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

| | |
|---|---|
| **0161040** | **Gullappelsínur** |
| **0162020** | **Litkaber** |
| **0162030** | **Píslaraldin** |
| **0162040** | **Kaktusfíkjur** |
| **0162050** | **Stjörnuepli** |
| **0162060** | **Persimónur/Virginíu-kakí** |
| **0163010** | **Lárperur** |
| **0163040** | **Papæjualdin** |
| **0163050** | **Granatepli** |
| **0163060** | **Morgunberkjur** |

**0163070 Gvövur**
**0163090 Brauðaldin**
**0163100 Dáraaldin**
**0163110 Nónberkjur**

(+) Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tilteknar upplýsingar vantaði um rannsóknir á fóðri þar sem gerðar eru greiningar bæði að því er varðar framfylgd og áhættumat á skilgreiningu á leifum. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram [skrifstofa útgáfustarfsemi: færa skal inn dagsetningu tveimur árum eftir útgáfu] eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

| | |
|---|---|
| **1011030** | **Lifur** |
| **1011040** | **Nýru** |
| **1012020** | **Fita** |
| **1012030** | **Lifur** |
| **1012040** | **Nýru** |
| **1013020** | **Fita** |
| **1013030** | **Lifur** |
| **1013040** | **Nýru** |
| **1014020** | **Fita** |
| **1014030** | **Lifur** |
| **1014040** | **Nýru** |
| **1015020** | **Fita** |
| **1015030** | **Lifur** |
| **1015040** | **Nýru** |
| **1016010** | **Vöðvi** |
| **1016020** | **Fita** |
| **1016030** | **Lifur** |
| **1016040** | **Nýru** |
| **1016050** | **Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)** |
| **1016990** | **Annað (2)** |
| **1030010** | **Hænsni** |
| **1030020** | **Endur** |
| **1030030** | **Gæsir** |
| **1030040** | **Kornhænur** |

2) Í B-hluta III. viðauka fellur dálkurinn fyrir próklóras brott.

---